Hildur Björnsdóttir sýnir ljósmyndir og innsetningar frá ferðum sínum um Asíu
Borgarbókasafnið | Menningarhús Gerðubergi
17. mars – 4. júní 2018

Verið hjartanlega velkomin á opnun sýningar Hildar Björnsdóttur,
laugardaginn 17. mars kl. 14.

Hvernig upplifum við menningu sem er okkur fjarlæg og framandi? Hildur Björnsdóttir myndlistarkona hefur á undanförnum árum ferðast víða um Asíu og kynnst fjölbreyttri menningu, trúarbrögðum og lífsháttum í Tíbet, Víetnam, Kambódíu, Nepal, Indlandi og Tælandi. Hún safnar í sarpinn með því að taka ljósmyndir, skrifa og skissa í dagbókina sína. Á sýningunni Fjölþing er að finna listræna úrvinnslu á þeirri nýju sýn og þekkingu sem Hildur hefur öðlast með því að komast í kynni við fólk á öllum aldri, búa á meðal þess og heimsækja staði sem margir bera merki um mannlega þjáningu og sögulega atburði.

Heimsóknin í S-21 fangabúðirnar í Kambódíu er uppspretta verka þar sem Hildur miðlar þeirri sterku tilfinningu, sem hún upplifði á staðnum, með því að flétta myndir af fórnarlömbum inn í umhverfið sem við blasir í dag. Ljósmyndirnar er prentaðar beint á burstaðar álplötur og hið fallega samspil dagsbirtu og ljóskastara skapar áhrifaríka þrívíddartilfinningu. Hildur vinnur jafnframt með innsetningar þar sem hún teflir saman teikningum, letri, landakortum og veraldlegum hlutum sem hún sankaði að sér á ferðum sínum.

Við opnun sýningarinnar laugardaginn 17. mars spjallar Hildur við gesti um tildrög verka sinna og gefur þeim dýpri innsýn í hvernig hún vinnur úr upplifun og tilfinningum sínum gagnvart viðfangsefninu með miðlum listarinnar.

Hildur býður einnig gestum í leiðsögn um sýninguna laugardaginn 5. maí kl. 14.

Nánari upplýsingar um listakonuna er að finna á heimasíðunni www.hildurb.no og hægt er að fylgja henni á samskiptamiðlinum Instragram @hildur_bjornsdottir.

Nánari upplýsingar veitir:
Ninna Margrét Þórarinsdóttir, verkefnastjóri sýningarhalds og miðlunar
Netfang: ninna.margret.thorarinsdottir@reykjavik.is
Sími: 411 6100 / 411 6170
---------------------------------------------------------

Hildur Björnsdóttir exhibits photographs and installations
Reykjavík City Library | Gerduberg Culture House
17 March - 4 June 2018

Welcome to the opening of the exhibition, Saturday the 17th of March at 2 pm.

How do we experience a culture that is remote and exotic to us? How can we promote mutual respect and understanding between different cultures? Artist Hildur Björnsdóttir has in recent years traveled throughout Asia and encountered a wide variety of cultures, religions and lifestyles in Tibet, Vietnam, Cambodia, Nepal, India and Thailand. She registers her surroundings by taking photographs, making diary entries and sketching.

This exhibition presents the artist's reworking of the new experience and insights Hildur gained in her encounter with the people that she met and lived among: people of all ages in many locations, many of them scarred by suffering and historical events. This exhibition poses a lot of questions and invites the audience on a philosophical journey to exotic places.

A visit to the Cambodian S-21 prison camp gave rise to works in which Hildur conveys something of the powerful emotions she experienced while there. This is done by intertwining images of victims into the environment of everyday life. The photos are printed directly on brushed aluminum. Hildur also works with installations in which drawings, letters in various fonts, maps and everyday objects are brought into play.

At the opening on 17 March, the artist will discuss her work with visitors and give them a deeper insight into how she deals with her experiences and feelings through artistic processes.

Hildur Björnsdóttir was born in 1960. She studied art and teaching in Iceland, Norway and Sweden and has been actively involved in the art world in these three countries. She grew up in Iceland and her work is inspired by Iceland's natural environment. Hildur has lived and worked in Norway for 30 years as an artist and teacher. She has participated in many joint exhibitions and held some solo shows, most recently in the lighthouse in Akranes in the summer of 2017.

For more information about the artist, visit www.hildurb.no and follow it on the communication network Instragram @hildur_bjornsdottir.

Nánari upplýsingar veitir:
Ninna Margrét Þórarinsdóttir, verkefnastjóri sýningarhalds og miðlunar
Netfang: ninna.margret.thorarinsdottir@reykjavik.is
Sími: 411 6100 / 411 6170